

109. mál, þingsályktunartillaga

Hafþór Sævarsson

144. löggjafarþing 2014-2015

Olga Margrét Cilia

Umsögn

26.03.2014

Umsögn okkar lýtur að því, að ef til þess kemur að lagaákvæðið verði útfært, að tekið verði tillit til annarra samgöngumáta en bifreiða. Í danska skattakerfinu, þá fá allir afslátt ef þeir þurfa að ferðast tiltekna vegalengd vegna vinnu, hvort sem það er á bifreið, hjóli eða með almenningssamgöngum. Eins og þingsályktunartillagan er orðuð nú með greinargerð, virðist einungis verið að ívilna þeim sem eiga bifreið. Teljum við að það fari í bága við jafnréttissjónarmið og mismuni þeim sem ekki hafa efni til eða áhuga á að halda úti bifreið. Auk þess teljum við að betri rök séu fyrir hendi fyrir ívilnun fyrir þá sem kjósa að ferðast með almenningssamgöngum eða reiðhjóli. Teljum við að það fyrirkomulag geti verið hvetjandi fyrir fólk að kynna sér nýja samgöngumáta, auk þess sem það gæti skapað þrýsting á byggðarkjarna að koma upp góðum og öflugum almenningssamgöngum á milli bæja. Teljum við að það væri gott fyrir umhverfið og lýðheilsuna og gæti minnkað kostnað annars staðar, til dæmis í heilbrigðiskerfinu. Rannsóknir sýna að þeir sem hreyfa sig meira dags daglega eiga síður á hættu að þjást af svo kölluðum lífsstílsjúkdómum. Við leggjum því til að þingsályktunartillagan hljóði svo: „Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að undirbúa og leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, sem feli í sér heimild ráðherra til að útfæra og setja reglur um að þeim skattskyldu mönnum sem greiða þurfa háan kostnað vegna ferða til og frá vinnu, óháð ferðamáta, innan tiltekinnna og skilgreindra atvinnusvæða innan lands verði veittur afsláttur af tekjuskatti. Í framhaldinu útfæri ráðherra og setji slíkar reglur.”